

Fréttatilkynning

8. október 2007

Vaxandi áhyggjur af sjófuglastofnum í Norðurhöfum

Víðtækar umhverfisbreytingar sem rekja má til breytinga á loftslagi hafa raskað fæðuvef sjófugla í Norðurhöfum. Síðustu ár hefur fuglum í sjófuglabýggðum fækkað og margir stofnar eiga erfitt með að koma ungum á legg. Ótvíræðar en flóknar breytingar eru að eiga sér stað á vistkerfi sjávar sem undirstrikar enn frekar en áður þörf fyrir að stjórnna betur þáttum sem hafa áhrif á sjófugla og unnt er að stjórna, svo sem fiskveiðum í atvinnuskini, olíumengun, nytjum á sjófuglum og mengun af völdum eitrefna. Þetta er meginniðurstaða hóps sjófuglafræðinga sem hittist í Færeyjum í septemberlok.

Sérfræðingahópurinn kom saman í Þórshöfn og ræddi stöðu sjófugla í NA-Atlantshafi. Sérstökum áhyggjum var lýst yfir nýlegum breytingum sem hafa átt sér stað á sunnanverðu svæðinu, frá Íslandi til Norðursjávar.

Kreppuástand ríkir meðal sjófugla, t.a.m. hjá fýl *Fulmarus glacialis*, ritu *Rissa tridactyla*, kríu *Sterna paradisaea*, langvíu *Uria aalge* og lunda *Fratercula arctica*, á víðáttumiklu svæði, eða allt frá Íslandi til Færeyja, Skotlands og Noregs. Fæðuskortur hefur valdið afkomubresti á yfirgripsmiklu svæði síðustu fjögur ár. Viðvarandi ástand getur valdið hruni í stofnum þegar til lengri tíma er litið.

Sérfræðingarnir telja breytingarnar af völdum ýmissa samverkandi þátta, bæði náttúrulegra sveiflna í loftslagi og fyrir áhrif frá manningum. Loftlagsbreytingar hafa snert lykiltægundir í vistkerfi sjávar og er smávaxna krabbadýrið rauðáta *Calanus finmarchicus* ein slíkra lykiltægunda í lægri þrepum fæðukeðju sjávar. Rauðátuna er nú að finna norðar en hingað til en hún er nær horfin úr syðri hlutum NA-Atlantshafs þar sem sjófuglar eru í vanda.

Rauðáta er megin æti sandsílis *Ammodytes* sem er mjög mikilvæg fisktegund fyrir ýmsa sjófugla. Eyðing slíkra fiskstofna nærri varpstöðvum sjófugla sem éta fisk getur haft afdrifaríkar afleiðingar s.s. fyrir afkomu unga.

Mikil óvissa ríkir um hver verði áhrif hlýnandi loftslags í framtíðinni. Sérfræðingarnir vilja þess vegna benda á nauðsyn þess að huga að öðrum mannlegum þáttum sem geta haft neikvæð áhrif á sjófuglastofna. Þeir leggja einnig áherslu á samvinnu margra greina þjóðfélagsins við það verkefni. Allir samfélagshópar sem málið snertir skulu hafa sama markmið sem er að draga úr heildaráhrifum þátta sem maðurinn ræður við og geta leitt til skerðingar á mikilvægum, hefðbundnum varpstöðvum sjófugla.

Nánari tillögum um mótvægisáðgerðir verður lýst í skýrslu vinnufundarins sem kemur út síðar í haust. Nauðsynlegt er að skoða breyttar reglur um umgengni við auðlindir sjávar sem gætu haft bein eða óbein áhrif á sjófugla. Þar má nefna skoða hvernig nýtingu sjófuglastofna er háttáð, áðgerðir til að koma í veg fyrir olíumengun í sjó og hvernig draga megí úr dauðsföllum sjófugla í veiðarfærum. Skýrslan mun ræða fleiri þætti sem eru sjófuglum beinlínis hættulegir og verða settar fram tillögur til úrbóta.

Á vinnufundinum voru sérfræðingar á ýmsum fræðasviðum svo sem vistfræði sjófugla, haffræði og auðlindum sjávar. Þátttakendur voru frá Grænlandi, Íslandi, Færeyjum, Danmörku, Svíþjóð og Noregi.

Vinnufundurinn var skipulagður af norsku umhverfisstofnuninni (Direktoratet for naturforvaltning) í kjölfar ályktunar til norrænu ráðherranefndarinnar frá norrænum náttúruverndarsamtökum árið 2006. Megin markmið vinnufundarins var að ræða og lýsa stöðu sjófuglastofna, hverjir eru helstu þættir sem hafa áhrif á þá og til hvaða mótvægisáðgerða er hægt að grípa sem hafa þýðingu fyrir sjófugla í Norðurhöfum.

Þegar skýrslan kemur út verður hún afhent norrænu ráðherranefndinni og dreift til allra stjórnvalda og annarra hluteigandi aðila.

Tengiliðir í sérfræðingahópnum eru:

Ísland:

- Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, sími 590 0500, tölvupóstur: aevar@ni.is

Grænland:

- Carsten Egevang, Nature Institute of Greenland, sími + 299 36 12 41, tölvupóstur: egevang@natur.gl
- Anders Mosbech, National Environmental Research Institute (Denmark), sími + 45 46 30 19 34, tölvupóstur: amo@dmu.dk

Danmörk:

- Ib K. Petersen, National Environmental Research Institute, sími + 45 8920 1518, tölvupóstur: ikp@dmu.dk

Færeyjar:

- Bergur Olsen, Faeroese Fisheries Laboratory, sími + 298 35 23 27, tölvupóstur: Berguro@frs.fo

Noregur:

- Morten Ekker, Directorate for Nature Management, sími + 477 35 80 730, tölvupóstur: morten.ekker@dirnat.no
- Tycho Anker-Nilssen, Norwegian Institute for Nature Research, sími + 47 73 80 14 43, tölvupóstur: tycho@nina.no

Sweden:

- Martina Kadin, sími + 46 73 99 34 305, tölvupóstur: martina_kadin@hotmail.com

Almennar upplýsingar:

- Morten Frederiksen, National Environmental Research Institute (Denmark), sími + 45 46 30 19 10, tölvupóstur: mfr@dmu.dk

Heiti nokkurra sjófugla á mismunandi tungumálum:

Enska:	Fræðiheiti:	Sænska:	Danska:	Grænlenska:	Íslenska:	Norska:	Færeyska:
Northern Fulmar	<i>Fulmarus glacialis</i>	Stormfågel	Mallemuk	Qaqqulluk	Fýll	Havhest	Havhestur
Black-legged Kittiwake	<i>Rissa tridactyla</i>	Tretåig mås	Ride	Taateraaraq	Rita	Krykkje	Rita
Arctic Tern	<i>Sterna paradisaea</i>	Silvertærna	Havterne	Imerqulalaq	Kría	Rødnebbterne	Terna
Common Guillemot	<i>Uria aalge</i>	Sillgrissla	Lomvie	Appa	Langvía	Lomvi	Lomvigi
Atlantic Puffin	<i>Fratercula arctica</i>	Lunnefågel	Lunde	Lundi	Lunde	Lundi